

UPPLÝSINGAFRÆÐI

Framhaldsnám
hi.is/upplýsingafræði



Kynntu þér spennandi diplóma og meistaranám í stað- eða fjarnámi

Meistaránám í upplýsingafræði er í senn fræðilegt og hagnýtt. Skipulag námsins tekur mið af þeim miklu og hröðu breytingum sem orðið hafa á starfsumhverfi upplýsingafræðinga.

Hvað gerir upplýsingafræðingur?

- Aflar, hefur umsjón með og skipuleggur gögn/upplýsingar og aðstoðar notendur við að nálgast þau og nýta
- Hefur þekkingu og skilning á eðli, tegundum, formi og einkennum upplýsinga
- Skipuleggur upplýsingar á margvíslegu formi með tilliti til aðgengis, rekjanleika og gagnsæis
- Tryggir og stýrir gögnum eftir því sem við á með hliðsjón af lögum, reglum og alþjóðlegum yfirlýsingum
- Miðlar upplýsingum og veitir fræðslu um aðgengi og nýtingu þeirra
- Greinir þarfir notenda og kröfur innra og ytra umhverfis
- Vinnur innan stofnunar eða fyrirtækis með ólíku fagfólki, auk þess að vinna með öðrum félögum í stéttinni.
- Sérhæfir sig oft á ákveðnum sviðum, s.s. skipulagningu og þjónustu ákveðinna gagnasafna

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/upplýsingafræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG
ÞJÓÐFRÆÐIDEILD



Fjölbreytt atvinnutækifæri að námi loknu

Starfsumhverfi upplýsingafræðinga

Stórtækar framfarir hafa orðið á möguleikum á þessu sviði og er kunnáttá á hinum fjölmörgu þáttum sem tengjast öflun, skipulagningu, varðveislu, miðlun og notkun þekkingar og upplýsinga ein meginforsenda þess að hægt sé að nýta þekkingu af hagkvæmni. Sem dæmi um starfssvið og umhverfi upplýsingafræðinga má nefna ólíkar skiplagsheildir, s.s. hin ýmsu fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og sveitarfélög. Upplýsingafræðingar hafa verið eftirsóttir til starfa og eru mörg dæmi þess að þeir hafi hafið störf meðfram námi.

Þróun í umhverfinu

Í nútímanum búum við við flóknar áskoranir um að vera virkir þátttakendur í hraðri þróun upplýsingatækninnar, stafrænu byltingunni og sjálfvirkinni. Þetta hefur kallað á mikinn vöxt upplýsingafræða ásamt hraðri þróun og nýsköpun á sviði langtímavarðveislu og stafrænnar endurgerðar gagna. Starf og menntun upplýsingafræðinga er í sókn í ljósi þess að stjórnvöld og almenningur setur sífellt meiri kröfur um meðferð og aðgengi að gögnum, upplýsingaöryggi, gagnsæi, rekjanleika, persónuvernd og hugverkarétt. Auk þessa hefur verið vaxandi og sýnileg áhersla á þekkingu á hönnun, stjórnun og miðlun upplýsinga á margvíslegum miðlum.

Inntökuskilyrði

Til að hefja diplóma- og meistaranám (MIS) nám í upplýsingafræði þurfa umsækjendur að hafa lokið BA-, BSc, BEd eða sambærilegu prófi. Þeir sem hafa lokið BA gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði geta sótt um MA nám í upplýsingafræði.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/upplýsingafrædi



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG
ÞJÓÐFRÆÐIDEILD